

Staða aðgerðaáætlunar með velferðarstefnu janúar 2022

Ár	Nr.	Aðgerð	Staða	Nánari upplýsingar um stöðu
2021	1.3.1	Setja á fót sérhæft teymi um málefni fólks af erlendum uppruna. Teymið vinnur þvert á þjónustumiðstöðvar og veitir faglega leiðsögn.	Lokið	Teymið tók til starfa á árinu 2021. Teymistjóri hefur verið ráðinn.
2021	2.2.1	Gera allar umsóknir velferðarsviðs rafrænar	Í ferli	Verkefnið er langt komið. Í dag eru 16 af 20 umsóknum rafrænar er varða grunnþjónustu sviðsins. Notendur geta því sótt rafrænt um þjónustuna. Rafræn bakvinnsla er mun styttra á veg komin.
2021	2.3.1	Yfirfara öll stöðluð bréf sem send eru til notenda úr málaskrá velferðarsviðs og sjá til þess að þau séu á vönduðu og skýru máli	Í ferli	Búið er að yfirfara bréf í flestum þjónustupáttum sviðsins. Grunnvinnunni er lokið, þ.e. að útbúa sniðmát að bréfi sem gagnast öllum öðrum þjónustupáttum þar sem uppsetning og viðmót (tone of voice) hefur verið sniðið að notendum. 80% verkefnisins er lokið. Þetta er þó verkefni sem lýkur aldrei þar sem sífellt þarf að endurskoða, breyta og bæta.
2021	3.2.1	Þjónustusvæði velferðarsviðs verði fjögur. Núverandi þjónustumiðstöðvar í Grafarvogi og Kjalarnesi annars vegar og í Árbæ og Grafarholti hins vegar verði sameinaðar frá og með 1. janúar 2022. Með einni þjónustumiðstöð í austasta hluta borgarinnar, sem hefur tæplega 36 þúsund íbúa á bak við sig, gefst betra tækifæri til sérhæfingar starfsfólks í mikilvægum þjónustupáttum	Lokið	Búið er að sameina þjónustumiðstöðvarnar undir og tók ný þjónustumiðstöð til starfa 3. janúar sl. Sem stendur er hún á tveimur stöðum en leit stendur yfir að hentugu húsnæði.

2021	3.4.1	Kortleggja samstarfsaðila í hverjum þjónustubætti velferðarsviðs.	Lokið	Heildarlisti yfir hagsmuna- og samstarfsaðila í hverjum þjónustubætti er í upplýsingabrunni velferðarsviðs a Workplace og er aðgengilegur öllum starfsmönnum sviðsins og jafnframt á heimasíðu Reykjavíkurborgar.
2021	6.2.1	Skipuð verði ritstjórn og ritstjóri sem hafi umsjón með útgefnu efni og vef velferðarsviðs. Ritstjórn ber ábyrgð á gæðum efnis, framsetningu og uppfærslu efnis á vefnum	Í ferli	Drög að erindisbréfi liggja fyrir tilbúin til rýningar.
2021	6.2.2	Nýr vefur um alla helstu velferðarþjónustu tekinn í notkun. Efni hans uppfært og haldið við með notendamiðaða hönnun að leiðarljósi.	Lokið	Betaútgáfa af vef fór í loftið um miðjan október 2021. Nýr vefur fór í loftið 25. janúar 2022.
2021	6.2.3	Nýta fjölbreyttar rafrænar leiðir til að miðla upplýsingum og fréttum um velferðarþjónustu. Sérstök áhersla lögð á að finna og þróa nýjar leiðir til upplýsingamiðlunar, nýta kosti samfélagsmiðla og setja efni fram á myndrænan hátt. Upplýsingamiðlun á að vera rafræn nema sérstakar þarfir kalli á annað.	Lokið	Velferðarsvið hefur undanfarin ár verið að nota heimasíðu velferðarsviðs, Workplace og Facebook til miðlunar upplýsinga. Ný tegund upplýsingamiðlunar bættist við í safnið árið 2021 á árinu þegar velferðarsvið hóf gerð hlaðvarpspáttanna Veltan. Áfram verður haldið að þróa of finna nýjar leiðir til upplýsingamiðlunar í þétta samstarfi við miðlæga upplýsingadeild Reykjavíkurborgar. Auglýst hefur verið eftir fræðslufulltrúa sviðsins og gengið er út frá því að allt fræðsluefni verði rafrænt og rafrænar lausnir notaðar við miðlun þess.
2021	7.1.2	Innleiða verklag og „starfatorg“ með það að markmiði að hvetja til starfsþróunar þar sem starfsfólki velferðarsviðs er gefinn kostur á að færa sig milli starfsstaða sviðsins	Í ferli	Verklag er tilbúið en vinna við hugbúnaðarkerfið hefur dregist. Um leið og hugbúnaður tilbúinn verður starfatorgið auglýst.